

Árlegar greiðslur umsjónarnefndar til Lífeyrissjóðs bænda skv. 3. málsg. 6. gr. skulu inntar af hendi í þremur jöfnum hlutum í júní, september og desember ár hvert.

8. gr.

Endanlegt uppgjör fyrir árin 1980—1982 í stað áætlunar þeirrar, sem um getur í 5. gr., skal miðast við 1. júlí ár hvert 1981—1983. Mismunur á endanlegri niðurstöðu og áætlunarfjárhæð skal greiddur eigi síðar en 31. júlí, en dráttarvextir, sbr. 1. málsg. 7. gr., reiknast frá og með 1. ágúst.

Endanlegt uppgjör fyrir árin 1983 og 1984 skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málsgrein 6. gr. laganna frá 1. ágúst á framlagsárinu.

Lífeyrissjóðum er skylt að láta umsjónarnefnd í té ársreikninga sína, um leið og þeir eru fullgerðir. Hafi ársreikningur ekki borist nefndinni fyrir þann tíma, er endanlegt uppgjör samkvæmt 1. og 2. málsg. skal miðast við, skal hún miða uppgjör við eigin áætlun.

9. gr.

Framlög ríkissjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóð samkvæmt 2. tölulið 1. málsg. 25. gr. laganna skulu greidd umsjónarnefnd með jöfnum mánaðarlegum greiðslum ár hvert.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 97 24. desember 1979, sbr. lög nr. 86/1980, lög nr. 52/1981 og lög nr. 92/1982, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 207 26. mars 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. febrúar 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 48

28. janúar 1983

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er 720,00 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 60,00 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 22 25. janúar 1982.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. janúar 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.